



Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

1. janúar til 30. september 2019

Síminn hf.
Ármúla 25
108 Reykjavík
Kt. 460207-0880

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra.....	2
Rekstrarreikningur.....	3
Efnahagsreikningur.....	4
Eiginfjáryfirlit.....	5
Sjóðstreymisyfirlit.....	6
Skýringar.....	7 - 12
Ársfjórðungsýfirlit.....	13

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Símans hf. og dótturfélaga hans. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Breyting var gerð á reikningsskilaðferð vegna sjónvarprætta félagsins. Vísað er í skýringu 3 til nánari útskýringar. Árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Heildartekjur samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. september voru 21.175 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 20.996 m.kr. á sama tímabili árið 2018. Hagnaður var af rekstri samstæðunnar sem nam 2.310 m.kr. samanborið við hagnað að fjárhæð 2.718 m.kr. á sama tímabili 2018. Eignir samstæðunnar námu 65.404 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé nam 36.240 m.kr. og var eiginfjárlutfallið 55,4%. Síminn hf. greiddi á tímabilinu arð að fjárhæð 330 m.kr. til hluthafa sinna.

Á aðalfundi Símans hf. þann 21. mars 2019 var samþykkt tillaga stjórnar félagsins um endurkaupaáætlun á bréfum félagsins að hámarki 1.310 m.kr. að kaupverði. Í samræmi við endurkaupaáætlunina, sem samþykkt var á aðalfundinum, voru keypt eigin bréf að nafnvirði 205 m.kr fyrir 942 m.kr. að markaðsvirði. Að öðru leyti vísast til árshlutareiknings um breytingar á eigin fé samstæðunnar.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitnesku stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glöggja mynd af rekstrarrafkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2019, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 30. september 2019 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2019. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glöggjt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar og stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Símans hf. hafa í dag fjallað um árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2019 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. október 2019

Stjórn

Bertrand B. Kan, formaður

Helga Valfells, varaformaður

Bjarni Þorvarðarson

Ksenia Nekrasova

Sylvía Kristín Ólafsdóttir

Forstjóri

Orri Hauksson

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. september 2019

	Skýr.	2019 1.7.-30.9.	2018 1.7.-30.9.	2019 1.1.-30.9.	2018 1.1.-30.9.
Sala	5	6.958	6.828	20.539	20.505
Kostnaðarverð sölu	6	(3.523)	(3.371)	(10.539)	(10.283)
Framlegð		3.435	3.457	10.000	10.222
Aðrar rekstrartekjur		140	141	636	491
Rekstrarkostnaður	7	(2.208)	(2.156)	(6.884)	(6.711)
Rekstrarhagnaður		1.367	1.442	3.752	4.002
Fjármunatekjur		55	49	151	153
Fjármagnsgjöld		(296)	(246)	(953)	(727)
Gengismunur		9	(14)	(12)	(9)
Hrein fjármagnsgjöld	8	(232)	(211)	(814)	(583)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		1.135	1.231	2.938	3.419
Reiknaðir skattar		(238)	(253)	(628)	(701)
Hagnaður tímabilsins		897	978	2.310	2.718
Heildarhagnaður tímabilsins		897	978	2.310	2.718
EBITDA*		2.817	2.607	7.788	7.397
Hagnaður á hlut					
Grunnhagnaður á hlut		0,10	0,11	0,26	0,30

*Endurgert, sjá nánar í skýringu 3.

Efnahagsreikningur 30. september 2019

	Skýr.	30.9.2019	31.12.2018 Endurgert*
Eignir			
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir	3	23.875	18.059
Óefnislegar eignir		34.203	32.473
Aðrar eignir	9	450	424
		Fastafjármunir	58.528
			50.956
Veltufjármunir			
Birgðir	10	1.702	1.437
Viðskiptakröfur	11	3.638	4.313
Aðrar skammtímakröfur	12	979	882
Handbært fé		557	1.246
		Veltufjármunir	6.876
			7.878
		Eignir samtals	65.404
			58.834
Eigið fé			
Hlutafé		8.828	9.033
Yfirverðsreikningur		14.815	15.552
Annað eigið fé		154	154
Annað bundið eigið fé		460	456
Óráðstafað eigið fé		11.983	10.007
		Eigið fé	36.240
			35.202
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Skuldabréfalað		14.758	15.631
Leiguskuldbindingar	3	4.744	0
Viðskiptaskuldir		353	0
Tekjuskattsskuldbinding	13	835	898
		Langtímaskuldir	20.690
			16.529
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir		220	450
Viðskiptaskuldir		3.298	2.997
Næsta árs afborganir langtímaskulda		1.150	1.150
Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga	3	546	0
Skattar til greiðslu		1.088	766
Aðrar skammtímaskuldir	14	2.172	1.740
		Skammtímaskuldir	8.474
			7.103
		Skuldir samtals	29.164
			23.632
		Eigið fé og skuldir samtals	65.404
			58.834

*Endurgert, sjá nánar í skýringu 3.

Eiginfjárfírlit 30. september 2019

	Hlutafé	Yfirverðs-reikningur	Annað eigið fé	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2018	9.247	16.406	201	1.041	9.386	36.281
Hagnaður tímabilsins				602	2.116	2.718
Greiddur arður (0,033588 á hlut)				(311)	(311)	
Keypt eigin bréf	(280)	(962)				(1.242)
Færð á bundið eigið fé			(231)		231	0
Áfallinn kostnaður vegna kaupréttarsamninga		14				14
Eigið fé 30.9.2018	<u>8.967</u>	<u>15.444</u>	<u>215</u>	<u>1.412</u>	<u>11.422</u>	<u>37.460</u>
Eigið fé 1.1.2019	9.033	15.552	154	456	10.007	35.202
Hagnaður tímabilsins					2.310	2.310
Greiddur arður (0,036534 á hlut)				(330)	(330)	
Keypt eigin bréf	(205)	(737)				(942)
Færð á bundið eigið fé			4	(4)		0
Eigið fé 30.9.2019	<u>8.828</u>	<u>14.815</u>	<u>154</u>	<u>460</u>	<u>11.983</u>	<u>36.240</u>

Sjóðstremisfirlit 1. janúar til 30. september 2019

	Skýr.	2019 1.7.-30.9.	2018 1.7.-30.9. Endurgert*	2019 1.1.-30.9.	2018 1.1.-30.9. Endurgert*
Rekstrarhreyfingar					
Rekstrarhagnaður samkvæmt rekstrarreikningi		1.367	1.442	3.752	4.002
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjármáli:					
Afskriftir		1.450	1.165	4.036	3.395
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna		(2)	(1)	(167)	(105)
Aðrir liðir sem ekki hafa áhrif á fjármáli		0	6	0	18
		<u>2.815</u>	<u>2.612</u>	<u>7.621</u>	<u>7.310</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:					
Birgðir, (hækkun) lækkun		(181)	(194)	(305)	174
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(50)	65	(180)	227
Viðskiptaskuldur og aðrar skammtímaskuldur, hækkun (lækkun)		1.440	32	1.037	(368)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>1.209</u>	<u>(97)</u>	<u>552</u>	<u>33</u>
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		<u>4.024</u>	<u>2.515</u>	<u>8.173</u>	<u>7.343</u>
Innborgaðir vextir		53	46	144	149
Greiddir vextir		(293)	(243)	(912)	(730)
Greiddir skattar		(194)	(52)	(369)	(365)
Handbært fé frá rekstri		<u>3.590</u>	<u>2.266</u>	<u>7.036</u>	<u>6.397</u>
Fjárfestingarhreyfingar					
Fjárfesting í rekstrarfjármunum		(1.113)	(1.156)	(3.298)	(3.358)
Fjárfesting í óefnislegum eignum		(1.003)	(42)	(1.720)	(575)
Söluverð rekstrarfjármuna		1	6	4	133
Skuldbréfaeign, breyting		0	0	28	28
Kaup á eignarhlutum í dótturfélögum, að frágrennu handbæru fé		0	0	0	(26)
Aðrar fjárfestingar		0	0	2	0
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(2.115)</u>	<u>(1.192)</u>	<u>(4.984)</u>	<u>(3.798)</u>
Fjármögnunarhreyfingar					
Greiddur arður		0	0	(330)	(311)
Kaup eigin bréfa		(942)	0	(942)	(1.242)
Sala eigin bréfa		0	174	0	174
Afborganir langtímalána		(287)	(287)	(862)	(862)
Afborganir leiguskuldbindinga		(138)	0	(402)	0
Skammtímalán, breyting		(57)	(575)	(230)	(500)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(1.424)</u>	<u>(688)</u>	<u>(2.766)</u>	<u>(2.741)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		51	386	(714)	(142)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		(4)	1	25	(6)
Handbært fé í byrjun tímabilsins		510	183	1.246	718
Handbært fé í lok tímabilsins		<u>557</u>	<u>570</u>	<u>557</u>	<u>570</u>

*Endurgert, sjá nánar í skýringu 3.

Skýringar

1. Starfsemi

Síminn hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Höfuðstöðvar félagsins eru að Ármúla 25 í Reykjavík. Samstæðuárshlutareikningur fyrir tímabilið janúar til september 2019 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess sem vísað er til í heild sem "félagsins" og til einstakra félaga sem "dótturfélaga". Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskipta, afþreyingar og upplýsingatækni.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Símans hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2018. Valdar skýringar eru með árshlutareikningnum til að skýra og upplýsa um rekstur félagsins á tímabilinu og breytingar á fjárhagslegri stöðu frá síðasta ársreikningi.

Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, www.siminn.is og á vef Kauphallar Íslands: www.nasdaqomxnordic.com.

Félagið hefur innleitt reikningsskilastaðal IFRS 16 fyrir reikningsár sem hófst 1. janúar 2019. Breytingum á reikningsskilaaðferðum er lýst í skýringu 3.

Stjórn og forstjóri félagsins samþykktu árshlutareikninginn og heimiluðu birtingu hans á stjórnarfundi þann 29. október 2019.

Grundvöllur matsaðferða

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

3. Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2018 að undanskildum breytingum sem lýst er hér að neðan.

Félagið hefur innleitt reikningsskilastaðal IFRS 16 fyrir reikningsár sem hófst 1. janúar 2019. Breyting er einnig gerð við meðferð sjónvarpsréttar. Sjónvarpsréttur hefur hingað til verið færður til eignar sem birgðir samkvæmt IAS 2 og gjaldfærður sem efniskostnaður. Vegna mikilla breytinga á umhverfi og viðskiptamódeli sjónvarps undanfarin ár er sjónvarpsréttur félagsins færður frá 1. janúar 2019 sem óefnisleg eign samkvæmt IAS 38 og afskrifaður á samningstíma.

IFRS 16 Leigusamningar

IFRS 16 kynnir heildstætt líkan sem felur í sér færslu leigusamninga í efnahagsreikning. Félagið, sem leigutaki, hefur fært til eignar nýtingarrétt sem endurspeglar rétt félagsins til notkunar eigna og á móti skuld vegna framtíðarleigugreiðslna. Samkvæmt staðlinum þarf ekki að færa í efnahagsreikning leigusamninga til skemmri tíma en eins árs og leigu á ódýrum eignum. Ákvæði um leigusalu munu ekki breytast verulega frá gildandi staðli sem áfram flokkar leigusamninga í fjármögnunarleigusamninga eða rekstrarleigusamninga.

Félagið hefur innleitt IFRS 16 miðað við aðferð uppsafnaðra áhrifa (e. modified retrospective approach), þar sem leigueignir eru jafnar leiguskuldum á upptökudegi 1.1.2019. Samkvæmt þeiri aðferð hefur samanburðartölum fyrir árið 2018 ekki verið breytt, þ.e. þær eru færðar samkvæmt IAS 17 og öðrum tengdum stöðlum. Breytingarnar eru skýrðar út hér að neðan.

Skýringar

3. Breytingar á reikningsskilaðferðum, frh.:.

Leigusamningar þar sem samstæðan er leigutaki

Félagið hefur fært eignir og skuldir vegna leigusamninga um húsnæði, aðstöðuleigu, bifreiða og ljósleiðara. Eðli kostnaðar tengdum þessum leigusamningum hefur breyst þannig að félagið afskrifar nýtingarrétt og færir vaxtagjöld af leiguskuld en áður voru leigugreiðslur færðar meðal rekstrargjalda.

Áður voru leigugreiðslur færðar til gjalda línulega yfir leigutíma og einvörðungu færðar eignir eða skuldir ef tímamunur myndaðist milli greiðslu leigu og gjaldfærslu kostnaðar.

Leigueignir sem færðar eru inn í efnahagsreikning vegna innleiðingar IFRS 16 eru færðar í rekstrarfjármuni, og flokkast þar með sambærilegum eignum sem félagið á fyrir. Bókfært verð leigueigna er eftirfarandi:

	Fjarskipta-búnaður	Fasteignir og lóðir	Bifreiðar	Samtals
Staða 1.1.2019	156	5.350	61	5.567
Staða 30.9.2019	151	5.036	55	5.242

Í efnahagsreikningi er skuldbinding vegna leigusamninga flokkuð sem langtímaskuld að frádreginni næsta árs afborgun.

Leigusamningar þar sem samstæðan er leigusali

Innleiðing IFRS 16 hefur ekki áhrif á samninga þar sem félagið er leigusali.

Áhrif innleiðingar á uppgjörstímabilinu

Vegna innleiðingar IFRS 16 er bókfærð staða leigueignar 5.242 m.kr og leiguskuldar 5.290 m.kr. þann 30. september 2019.

Sömuleiðis er færð afskrift af leigueign og vaxtagjöld af leiguskuldbindingu. Á tímabilinu 1. janúar til 30. september er gjaldfærð afskrift undir rekstrarkostnaði vegna leigueigna 502 m.kr. og 204 m.kr. í vaxtagjöld vegna leiguskuldbindinga. Afborgun af leiguskuldbindingu er 402 m.kr.

Sjónvarpsréttur, breyting á reikningsskilaðferð

Sjónvarpsréttur félagsins er nú færður sem óefnisleg eign í fastafjármunum en var áður færður sem birgðir í veltufjármunum. Vegna þessarar breytingar hefur samanburðarfjárhæðum í efnahagsreikningi 31.12.2018 verið breytt. 763 m.kr. eru nú færðar sem óefnisleg eign en voru áður færðar í birgðum og 150 m.kr. eru nú færðar sem fyrirframgreiddur kostnaður en voru áður færðar í birgðum. Breytingin hefur engin áhrif á eigið fé.

Einnig er gerð breyting á framsetningu innan kostnaðarverðs sölu fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2018. Kostnaðarverð seldrar þjónustu, þ.e. efniskostnaður, lækkar um 553 m.kr. og afskriftir hækka um sömu fjárhæð. Sjá skýringu 6.

Skýringar

4. Starfspáttayfirlit

Yfirlit um starfspætti veitir upplýsingar um einstaka þætti í rekstri félagsins og er sett fram með sama hætti og regluleg skýrslugjöf til stjórnar félagsins.

Starfsemi félagsins skiptist í sjö starfspætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfspættir eru:

Starfspáttur	Lýsing
Farsímaþjónusta:	Farsímaþjónusta innanlands og erlendis, hvort sem heldur er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattapjónusta eða önnur farsímaþjónusta.
Talsímaþjónusta:	Talsímaþjónusta fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Gagnaflutningur:	Gagnaflutningsþjónusta, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, stofnnet, heimtaugar og aðgangsnet.
Sjónvarpsþjónusta:	Dreifing á sjónvarpsefni, áskrift, notkun og auglýsingar á miðlum félagsins.
Upplýsingatækni:	Upplýsingatækniþjónusta, þ.m.t. mánaðargjöld, útseld þjónusta og vörusala.
Vörusala búnaðar:	Sala á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.
Annað:	Útseld vinna vegna fjarskipta, þ.m.t. vettvangsþjónusta og aðstöðuleiga.

Starfspættir 1.1.-30.9. 2019

	Farsíma- þjónusta	Talsíma- þjónusta	Gagna- flutningur	Sjónvarps- þjónusta	Upplýsinga- tækni	Vörusala búnaðar	Annað	Samtals
Rekstrartekjur	4.308	1.368	6.420	4.054	2.737	1.321	967	21.175
Óskipt rekstrargjöld							(13.387)	
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta							7.788	
Afskriftir							(4.036)	
Hrein fjármagnsgjöld							(814)	
Skattar							(628)	
Hagnaður tímabilsins							2.310	
Fjárfestingar							(5.014)	
Óskiptar eignir 30.9.2019								65.404
Óskiptar skuldir 30.9.2019								29.164

Starfspættir 1.1.-30.9. 2018

	Farsíma- þjónusta	Talsíma- þjónusta	Gagna- flutningur	Sjónvarps- þjónusta	Upplýsinga- tækni	Vörusala búnaðar	Annað	Samtals
Rekstrartekjur	4.643	1.427	6.777	3.499	2.443	1.432	775	20.996
Óskipt rekstrargjöld							(13.599)	
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta							7.397	
Afskriftir							(3.395)	
Hrein fjármagnsgjöld							(583)	
Skattar							(701)	
Hagnaður tímabilsins							2.718	
Fjárfestingar							(3.800)	
Óskiptar eignir 30.9.2018								60.569
Óskiptar skuldir 30.9.2018								22.931

Skýringar

5. Sala

	2019 1.1.-30.9.	2018 1.1.-30.9.
Seld þjónusta og vörur greinast þannig:		
Sala á þjónustu	17.785	17.899
Vörusala upplýsingatækni og fjarskipta	2.754	2.606
	<u>20.539</u>	<u>20.505</u>

Enginn einstakur viðskiptavinur er með meira en 10% af sölu félagsins.

6. Kostnaðarverð sölu

	Endurgert
Kostnaðarverð sölu greinist þannig:	
Laun og launatengd gjöld	2.483
Kostnaðarverð seldrar þjónustu	2.627
Samtengigjöld	561
Kostnaðarverð seldra vara	2.545
Eignfærð vinna	(636)
Afskriftir	<u>2.959</u>
	<u>10.539</u>
	2.497
	2.507
	711
	2.338
	(638)
	<u>2.868</u>
	10.283

Kostnaðarverð seldrar þjónustu samanstendur af; efniskostnaði, þjónustusamningum, leyfisgjöldum, aðkeyptri þjónustu og fjarskiptakostnaði.

7. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:

Laun og launatengd gjöld	3.331	3.302
Markaðs- og sölukostnaður	433	401
Húsnaðis- og bifreiðakostnaður	541	1.073
Tölvu- og hugbúnaðarkostnaður	661	705
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	841	702
Afskriftir	1.077	528
	<u>6.884</u>	<u>6.711</u>

8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Fjármunatekjur

Vaxtatekjur af bankainnistæðum og kröfum	147	151
Fenginn arður og söluhagnaður af eignarhlutum	4	2
	<u>151</u>	<u>153</u>

Fjármagnsgjöld

Vaxtagjöld	(674)	(706)
Vaxtagjöld vegna leiguskuldbindinga	(204)	0
Önnur fjármagnsgjöld	(75)	(21)
	<u>(953)</u>	<u>(727)</u>

Gengismunur	(12)	(9)
Hrein fjármagnsgjöld	<u>(814)</u>	<u>(583)</u>

Skýringar

9. Aðrar eignir

30.9.2019 31.12.2018

Aðrar eignir greinast þannig:

Fjárfesting í öðrum félögum	47	46
Sjónvarpsefni til sýningar	182	149
Fyrirframgreiddur kostnaður	13	15
Langtímakröfur	208	214
Aðrar eignir samtals	<u>450</u>	<u>424</u>

10. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

Vörur til endursölu og rekstrarvörubirgðir	1.152	1.333
Sjónvarpsefni til sýningar	550	104
Birgðir samtals	<u>1.702</u>	<u>1.437</u>

11. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:

Viðskiptakröfur	3.801	4.508
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(163)	(195)
Viðskiptakröfur samtals	<u>3.638</u>	<u>4.313</u>

12. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

Fyrirframgreiddur kostnaður	653	767
Aðrar skammtímakröfur	326	115
Aðrar skammtímakröfur samtals	<u>979</u>	<u>882</u>

13. Tekjuskattsskuldbinding

Hreyfingar á reiknaðri tekjuskattsskuldbindingu greinast á eftirfarandi hátt:

Reiknuð tekjuskattsskuldbinding í ársþyrjun.....	898	817
Tekjuskattur tímabilsins.....	612	825
Skattar til greiðslu á næsta ári.....	(675)	(744)
Tekjuskattsskuldbinding samtals.....	<u>835</u>	<u>898</u>

14. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

Áfallinn kostnaður	786	836
Ógreidd laun og launatengd gjöld	631	330
Ógreiddur virðisaukaskattur	743	562
Aðrar skammtímaskuldir	12	12
Aðrar skammtímaskuldir samtals	<u>2.172</u>	<u>1.740</u>

15. Óvissa

Félagið stendur í málarekstri vegna mála sem snúa að túlkunum á fjarskipta, fjölmíðla- og samkeppnislögum. Sýn hf. (Vodafone) hefur stefnt féluginu til greiðslu skaðabóta vegna meints ólögmæts verðþrystings. Nemur stefnufjárhæð í málina riflega níu hundruð milljónum króna. Inter, sem eru samtök aðila er veita internetþjónustu, sendu Símanum kröfum árið 2015 og kröfðust skaðabóta að fjárhæð allt að þremur milljörðum króna vegna meintra brota á samkeppnislögum. Þrjú félög innan samtakanna óskuðu eftir dómkvæðingu matsmanna og sendu í kjölfarið breyttar kröfur sem nema rúmlega 300 milljónum króna. Síminn hafnaði kröfunni þar sem skilyrði skaðabótaskyldu væri ekki fyrir hendi. Tölvun stefndi mál til héraðsdóms til greiðslu skaðabóta aðallega að fjárhæð tæplega 7 milljónir króna, auk vaxta og kostnaðar. Snerpa gerði slíkt hið sama og gerði aðallega kröfu um greiðslu skaðabóta að fjárhæð tæplega 40 milljónir króna, auk vaxta og kostnaðar. Hringiðan stefndi Símanum einnig fyrir héraðsdómi og gerði aðallega kröfu að fjárhæð 899 milljónir króna, auk vaxta og kostnaðar. TSC ehf. höfðaði mál gegn Símanum til greiðslu skaðabóta vegna meintra brota á ákvörðun samkeppnisráðs nr. 10/2015. Nam stefnufjárhæðin rúmlega hundrað milljónum króna, auk kostnaðar og vaxta. Héraðsdómur komast að þeirri niðurstöðu að Símanum bæri að greiða 50 milljónir króna auk kostnaðar, vaxta og dráttarvaxta. Félagið hefur hafnað málatilbúnaði gagnaðila í öllum málunum og gagnstefnt Vodafone. Í mál Vodafone gegn Símanum og gagnstefnu Símans gegn Vodafone sýknaði Héraðsdómur Reykjavíkur bæði félög af kröfum hvors annars en málina hefur verið áfrýjað til Landsréttar. Síminn hefur einnig áfrýjað domi Héraðsdóms Reykjavíkur í mál TSC ehf. gegn Símanum til Landsréttar og hefur TSC einnig gagnstefnt málinu. Í tilfelli Tölvunar, Snerpu og Hringiðunnar mun Síminn skila greinargerð á næstunni þar sem málatilbúnaði félaganna er hafnað.

Síminn og Vodafone hafa átt í ágreiningi í tengslum við dreifingu á sjónvarpsefni. Póst- og fjarskiptastofnun komst að þeirri niðurstöðu að Síminn hefði farið gegn fjölmíðlalögum sbr. ákvörðun PFS nr. 10/2018. Lagði stofnun á sekt að fjárhæð 9 milljónir króna sem félagið hefur þegar greitt. Síminn telur háttsemi félagsins sé í fullu samræmi við ákvæði fjölmíðlalaga og hefur höfðað mál til ógildingar ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar. Í kjölfarið sendi Vodafone kröfu til Símans um greiðslu skaðabóta að fjárhæð 1,9 milljarðar króna. Síminn hafnaði kröfunni og benti á að það mætti hvorki ráða af erindi Vodafone að skilyrði skaðabótaskyldu væri fyrir hendi né heldur væri gerð tilraun til að færa sönnur á ætlað tjón Vodafone. Að mati Símans var um tilhæfulausa kröfu að ræða og vísaði Héraðsdómur Reykjavíkur kröfu Vodafone frá domi vegna vanrefunrar. Vodafone lagði fram beiðni um dómkvaðningu matsmanna. Þá hefur Gagnaveita Reykjavíkur sent Símanum kröfu um greiðslu að fjárhæð 1,3 milljarða króna. Síminn hafnaði kröfunni og benti á að það mætti ekki ráða af erindi Gagnaveitunnar að skilyrði skaðabótaskyldu væri fyrir hendi. Að mati Símans er um tilhæfulausa kröfu að ræða. Vodafone lagði fram kvörtun til Samkeppniseftirlitsins vegna fyrirkomulags við sölu á útsendingum frá ensku úrvallsdeildinni og gerði kröfu um heildsöluaðgang að SíminnSport. Samkeppniseftirlitið birti frummat sitt í júlí og taldi að ákveðið fyrirkomulag gæti farið í bága við samkeppinslög og afleiddar ákvarðanir. Stofnun undirstrikaði að um frummat væri að ræða sem gæti breyst og kallaði samhlíða eftir frekari gögnum. Síminn telur að afstaða Samkeppniseftirlitsins sé í andstöðu við fyrri framkvæmd og án stuðnings til viðhlítandi gagna. Félagið er þeirrar skoðunar að fyrirkomulag um sölu á þjónustu félagsins sé fyllilega í samræmi við samkeppnislög.

Í desember 2015 samþykkti Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu kröfu félagsins um að lagt yrði lögbann á Vodafone vegna dreifingar á myndefni með ólinulegum hætti. Félagið höfðaði í kjölfarið staðfestingarmál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur en dómurinn samþykkti kröfu Símans þann 28. apríl 2018. Vodafone áfrýjaði málina til Hæstaréttar en með domi dags. 18. október 2018 staðfesti Hæstaréttur dom Héraðsdóms. Í domi Hæstaréttar kom fram að Síminn hefði sýnt nægilega fram á að fjárhagslegt tjón kunni að hafa hlotist af háttsemi Vodafone. Síminn stefndi Vodafone fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur vegna málins og gert kröfu um greiðslu skaðabóta að fjárhæð 555 milljónir króna. Héraðsómur vísað málina frá en Síminn kærði þann úrskurð til Landsréttar.

Þrátt fyrir að óvissa sé um niðurstöður þessara mála er það mat stjórnenda að ekki komi til verulegra fjárláta vegna þeirra. Í þeim tilvikum sem talið er að félagið geti þurft að greiða bætur vegna málareksturs á hendur þess er så kostnaður áætlaður af stjórnendum félagsins og færður í reikningsskil þess.

16. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags sem höfðu áhrif á árshlutareikninginn eða veita þarf upplýsingar um.

Ársfjórðungsyfirlit

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:

	1 F 2019	2 F 2019	3 F 2019	Samtals
Sala	6.773	6.808	6.958	20.539
Kostnaðarverð sölu	(3.425)	(3.591)	(3.523)	(10.539)
Framlegð	3.348	3.217	3.435	10.000
Aðrar rekstrartekjur	189	307	140	636
Rekstrarkostnaður	(2.430)	(2.246)	(2.208)	(6.884)
Rekstrarhagnaður	1.107	1.278	1.367	3.752
Hrein fjármagnsgjöld	(313)	(269)	(232)	(814)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	794	1.009	1.135	2.938
Tekjuskattur	(179)	(211)	(238)	(628)
Hagnaður tímabilsins	615	798	897	2.310
EBITDA	2.369	2.602	2.817	7.788

	1 F 2018	2 F 2018	3 F 2018	4 F 2018	Samtals
Sala	6.756	6.921	6.828	7.420	27.925
Kostnaðarverð sölu	(3.302)	(3.610)	(3.371)	(4.196)	(14.479)
Framlegð	3.454	3.311	3.457	3.224	13.446
Aðrar rekstrartekjur	118	232	141	124	615
Rekstrarkostnaður	(2.275)	(2.280)	(2.156)	(2.443)	(9.154)
Virðisryrnun	0	0	0	(2.990)	(2.990)
Rekstrarhagnaður	1.297	1.263	1.442	(2.085)	1.917
Hrein fjármagnsgjöld	(182)	(190)	(211)	(205)	(788)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.115	1.073	1.231	(2.290)	1.129
Tekjuskattur	(228)	(220)	(253)	(146)	(847)
Hagnaður tímabilsins	887	853	978	(2.436)	282
EBITDA*	2.404	2.386	2.607	2.124	9.521

*Endurgert, sjá nánar í skýringu 3.